

**Nd.**

**590. Breytingartillögur**

[43. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a) (1. gr.) 33. gr. laganna orðist svo:

Öll lán Byggingasjóðs ríkisins samkvæmt 1.—8. tl. 11. gr. laga þessara skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Nú reynist á einhverjum gjalddaga samanlögð upphæð afborgunar, verðtryggingarþátta og vaxta, hér eftir nefnd gjalddagsupphæð, á verðtryggðu láni til einstaklings skv. lögum þessum hafa hækkað meira hlutfallslega en kaupgreiðsluvísitala skv. 4. mgr. á tímabilinu frá því að lánveiting átti sér stað, og skal þá einungis sá hluti ofangreindrar gjalddagsupphæðar, sem samsvarar hækkun kaupgreiðsluvísitölu skv. 4. mgr. teljast gjaldfallinn.

Sú lækkun gjaldfallinnar upphæðar, sem af ákvæði 1. mgr. leiðir, myndar sérstakan viðauka höfuðstóls, sem verðtryggist með sama hætti og hið upphaflega lán og lýtur sömu vaxtakjörum, en byrjar að gjaldfalla þá fyrst er upphaflegum lánstíma lýkur og þá með sömu gjalddögum og hið upphaflega lán.

Lánstími höfuðstólsviðauka skal við það miðaður, að raungildi hverrar greiðslu verði eigi hærra en raungildi síðustu greiðslu vaxta, verðtryggingar og afborgunar af upphaflegum höfuðstól lánsins.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er miðað skal við skv. ákvæði 1. mgr., skal leidd af taxta verkamanna í fiskvinnu, efsta starfsaldursþrepi, og tekur sömu breytingum og viðmiðunartaxti atvinnuleysisbóta, sbr. 23. gr. laga nr. 64/1981.

Endurskoða skal þennan viðmiðunargrunn reglulega.

b) Núverandi 33. gr. laganna verði 34. gr., en 1. málslíður 1. málsg. falli brott.

c) (2. gr.) Á eftir 2. mgr. 52. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Um meðferð lánskjaravísitölu fer samkvæmt ákvæðum 33. gr.

2. Á eftir 5. gr. komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

1. Verðtryggð lán, sem tekin hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu háð sömu skilyrðum og um getur í 33. gr. laganna frá og með næsta gjalddaga eftir gildistöku. Verði þá tekið mið af því, hvenær lánveiting átti sér stað, en þó skal miða við fyrsta útreikning lánskjaravísitölu 1. júní 1979 ef lánveiting átti sér stað fyrir þann tíma.

2. Ákvæði 33. gr. og 2. mgr. 52. gr. svo og ákvæði til bráðabirgða 1 komi til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí n. k.